Bæjarskrifst. Garðabæjar
Mótt.dags. 31.03.2016
Málalykill 00.45
Mál nr. 1308500

Sveitarfélagið Garðabær
Gunnar Einarsson bæjarstj.
Garðatorgi 7, Garðabæ 210

# ÁSKORUN

## vegna framkomins tilboðs í byggingarlóðina Miðskóga 8 Garðabæ, fnr. 233-0757

Tilvísun: Byggingarlóðin nr. 8 að Miðskógum (eignin), fnr. 233-0757, í Garðabæ (sveitarfélagið)
ÍSB fasteignir ehf., kt. 601213-5160 (eigandi)

Mál nr. Y-5/2015 fyrir héraðsdómi Reykjaness og nr. Y-5/2015 í Reykjavík
Íslandsbanki hf. – Hlédís S. / Gunnar Á.

Með vísan til kauptilboðs í eignina dags. 02.02.2016 að fjárhæð kr. 26.000.000.- og viðbragða eiganda lóðarinnar með tölvupósti dags. 03.02.2016, meðfylgjandi erindi þessu í afriti, er hér með skorað á sveitarfélagið að leysa til sín byggingarlóðina nr. 8 að Miðskógum, fnr. 233-0757, að skaðlausu m.v. fyrirliggjandi forsendur máls. Í þessu sambandi er jafnframt vísað til upplýsingar bæjarstjóra, Gunnars Einarssonar, gagnvart undirr. á fundi í bæjarskrifstofum sveitarfélagsins, og staðhæfingar bæjarritara sveitarfélagsins, Guðjóns Friðrikssonar, í tengslum við umfjöllun Fréttablaðsins um fyrirætlanir sveitarfélagsins um ráðstöfun umræddrar byggingarlóðar (staðfest af viðkomandi blaðamanni).

Áskilinn er fullur réttur til að krefja sveitarfélagið um bætur vegna fjárhagslegs tjóns og miska sem af kann að hljótast, verði sveitarfélagið ekki við áskorun þessari. Vísað er til almennra reglna skaðabótaréttarins um bótaskyldu vegna tjóns sem sannanlega hefur átt sér stað og tjónþola verður ekki kennt um og vísað er til sakarreglunnar í íslenskum rétti um skaðabótaábyrgð á tjóni sem valdið er með saknæmum og ólögmætum hætti til röskunar á hagsmunum tjónþola sem njóta verndar af skaðabótareglum.

Hafnarfirði, 10. mars 2016
Virðingarfyllst,

Hlédís Sveinsdóttir

Gunnar Árnason

f.h. Halds ehf.

Hjálagt:
1. Kauptilboð dags. 02.02.2016
2. Svar tilboðgjafa dags. 03.02.2016

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03 2026

**Síminn** **gunnar.arnason@simnet.is**

**Miðskógar 8 Garðabæ, fnr. 233-0757 | Áskorun til sveitarfélagsins...**

**Frá :** Gunnar Árnason <gunnar.arnason@simnet.is> mán., 14. mar., 2016 11:20

**Efni :** Miðskógar 8 Garðabæ, fnr. 233-0757 | Áskorun til sveitarfélagsins... 4 viðhengi

**Til :** gunnar@gardabaer.is

Sveitarfélagið Garðabær
Gunnar Einarsson bæjarstj.
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Sæll Gunnar,

Undirr. hefur verið falið að senda meðf. áskorun til Garðabæjar, sbr. viðhengi tp þessa, ásamt fylgiskjölum á þremur blaðsíðum, einnig í viðhengi.

Frumrit umræddrar áskorunar mun berast á skrifstofur sveitarfélagsins með pósti.

Virðingarfyllst,
GÁ eu



**GB_M8askorun10032016_scan3.jpg**
1 MB



**GB_M8askorun10032016_scan2.jpg**
2 MB



**GB-M8askorun10032016_scan1.jpg**
1 MB

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026